



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Samkeppniseftirlitið			
Malsnr.	15040021	Abm.	LS
Bréfal.	2472	Aðrir	
Máli.	29.6.2015	Þakki	
Ath.		Tímann.	

Mánudagur, 29. júní 2015

Ákvörðun nr. 18/2015

Kaup Veritas Capital ehf. á Gengur vel ehf.

I.

Hinn 1. apríl 2015 barst Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá Mörkinni lögmannsstofu hf. þar sem tilkynnt var um kaup Veritas Capital ehf. (Veritas) á 100% eignarhlut í Gengur vel ehf. (GV) Bréfinu fylgdi styttri samrunatilkynning í samræmi við 6. og 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela umrædd kaup í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 enda veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt. Með bréfi, dags. 14. sama mánaðar, var samrunaaðilum tilkynnt að samrunatilkynning þeirra teldist fullnægjandi og að frestur Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d. laganna byrjaði að líða frá og með 7. apríl 2015. Hinn 12. maí sl. var málsaðilum svo tilkynnt að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga. Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið átt samtöl við aðila í innflutningi og heild- og smásölu á heilsuvörum auk þess að kynna sér framlögð gögn.

II.

Í samrunaskrá kemur fram að GV starfi á markaði fyrir innflutning og heildsölu á heilsuvörum og er skráður tilgangur félagsins innflutningur, heildsala og smásala á alls kyns heilsuvörum, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Starfsemi félagsins hefur takmarkast við innflutning og heildsölu á heilsuvörum til apóteka, heilsubúða og stórmarkaða en allir birgjar félagsins eru erlendir. Er innflutningur GV einkum bundinn við heilsuvörur og að hluta til fæðubótarefni, duft, vítamín og olíur en einnig er um að tefla lífrænt vottaðar snyrti- og húðvörur.

Um starfsemi Veritas segir í samrunaskrá að fyrirtækið sé móðurfélag félaga á sviði heilbrigðisþjónustu og reki stoðþjónustu fyrir dótturfélög sín. Hvorki Veritas né dótturfélög þess starfi á sama markaði og GV.

Það er mat samrunaaðila að hlutdeild þeirra í heildsölu á heilsuvörum liggja á bilinu 10-15% ef tekið mið af innflutningi samkvæmt tollflokkum. Helstu viðskiptavinir GV eru apótek og stórmarkaðir og kaupendastyrkur sé verulegur. Hvað varði markað fyrir innflutning og heildsölu á snyrtivörum þá sé þar til að dreifa gríðarlega öflugum keppinautum eins og Ölgerðinni hf., Nathan & Olsen hf., Halldóri Jónssyni ehf. og Beiersdorf ehf. Framboð sé gífurlegt sem og stór hópur endurseljenda njóti styrkrar stöðu á smásöllumörkuðum, s.s. Lyfja, Lyf & heilsa og dagvöruverslanir í eigu Haga hf. og Kaupáss hf. að ógleymdri Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli.



III.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Sem fyrr segir telja samrunaaðilar markaði málsins vera markað fyrir innflutning og heildsölu á heilsuvörum, markað fyrir innflutning og heildsölu á snyrtivörum og markað fyrir innflutning, framleiðslu og heildsöludreifingu á lyfjum. Kemur fram í samrunatilkynningu að í fyrri málum hafi Samkeppniseftirlitið skilgreint fjölda undirmarkaða bæði á snyrtivörumarkaði og lyfjamarkaði. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til ítarlegrar markaðsskilgreiningar á þeim mörkuðum sem um ræðir og fallast megi á með samrunaaðilum að áhrifa samrunans gæti helst á framangreindum mörkuðum.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða samkeppni hindruð með örðum hætti. Athugun þessa máls gefur ekki til kynna að til staðar séu aðgangshindranir á viðkomandi mörkuðum sem hafi áhrif á niðurstöðu þess. Því til stuðnings má t.a.m. benda á vaxandi fjölbreytni og framboð á heilsuvörum, bæði innlendum sem erlendum vörum.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Veritas Capital ehf. og Gengur vel ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Í kaupum Veritas Capital ehf. á öllu hlutafé í Gengur vel ehf. felst samruni. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson